

Velkominn í Flensborg kæri nýnemi!

Það stýttist í að við hefjum skólastarf að nýju. Það er ljóst að það verður ekki með hefðbundnum hætti vegna COVID-19, ekki í það minnsta til að byrja með, en við munum gera okkar allra besta til að skipuleggja starfið þannig að nemendur geti komið í skólann til þess að læra auk þess að læra í fjarnámsumhverfi. Nánari upplýsingar um þetta koma síðar en opnað verður fyrir stundatöflur í **Innu föstudaginn 14. ágúst** en til þess að geta opnað Innu **þarf rafræn skilríki**. Þau færðu í þínum viðskiptabanka.

Skólastarfið verður undirbúið að fullum krafti í næstu viku en einnig verður tekið á móti þér og nýnemahópnum svo þeir kynnist skólaskipulaginu og hinu rafræna kennsluumhverfi (INNA). Einnig verður fyrsti tími í Hámarki kenndur.

Þú ert í **Hámarkshópi X**. Kennari þinn er X og þú átt að mæta miðvikudaginn **19. ágúst klukkan X í Hamarssal**.

Einnig verður boðið upp á **hraðtöflu dagana 20. – 21. ágúst** en Hrefna Geirsdóttir, áfangastjóri, sendir þér nánari upplýsingar þegar nær dregur.

Þangað til er hægt að nýta tímann og **huga að námsgögnum** en listann yfir námsgögn í áföngunum má finna í Innu. Við mælum með að nýta skiptibókamarkaði, það er bæði ódýrara og umhverfisvænna, en einnig er hægt að kaupa bækur í bókabúðum. Í nokkrum áföngum eru rafrænar bækur/verkefnahefti og eru nánari upplýsingar um það í INNU. Mikilvægt er að nemendur séu komnir með námsgögn við upphaf skólans, því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi, hvort sem það er í fjarnámi eða í staðnámi. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður Office pakkanum í gegnum heimasíðu skólans.

## Að lokum

Eins og við höfum séð á síðustu vikum og mánuðum þá geta hlutirnir breyst mjög hratt og því langar mig langar til að biðja þig um að **fylgjast vel með** tölvupósti þínum og fréttum á heimasíðu, Instagram og Facebook-síðu skólans. Einnig að vera vakandi yfir helstu aðgerðum almannavarna og fylgja sóttvörnum í hvívetna. Þannig stuðlum við að því að faraldurinn gangi fyrr yfir og að eðlilegt skólalagd geti hafist.

Vonum það besta og gangi þér vel í vetur!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði